

## ÁKVÖRDUN RÁÐSINS

frá 19. desember 2000

um breytingu á ákvörðun 95/408/EB um skilyrði fyrir gerð bráðabirgðaskráa, á tilteknu aðlögunartímabili, yfir starfsstöðvar þriðju landa sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja inn tilteknar afurðir úr dýrarákinu, fiskafurðir og lifandi samlokur (tvískelja lindýr) frá

(2001/4/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 95/408/EB frá 22. júní 1995 um skilyrði fyrir gerð bráðabirgðaskráa, á tilteknu aðlögunartímabili, yfir starfsstöðvar þriðju landa sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja inn tilteknar afurðir úr dýrarákinu, fiskafurðir og lifandi samlokur (tvískelja lindýr) frá <sup>(1)</sup>, einkum 9. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðlögunartímabilinu, sem kveðið er á um í ákvörðun 95/408/EB, lýkur 31. desember 2000.
- 2) Af stjórnsýsluástandum hefur því verið frestað að semja endanlega skrá yfir fyrirtæki í þriðju löndum sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja inn tilteknar afurðir frá í samræmi við tilskipanir um heilbrigðisreglur um þessar afurðir.
- 3) Fyrirhuguð endurskoðun á tiltekinni dýraheilbrigðis-löggjöf, sem sett er fram í hvítbók um öryggi matvæla, mun taka til breytts fyrirkomulags um viðurkenningu á fyrirtækjum í þriðju löndum sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja inn tilteknar afurðir frá.

- 4) Til að koma í veg fyrir að röskun á hefðbundnu viðskiptaferli er heimilt að framlengja það aðlögunartímabil þegar heimilt er að nota einfaldað kerfi við samningu skrár yfir fyrirtæki í þriðju löndum sem flytja út tilteknar afurðir úr dýrarákinu, fiskafurðir eða lifandi samlokur (tvískelja lindýr).

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í 9. gr. ákvörðunar 95/408/EB kemur dagsetningin „31. desember 2003“ í stað „31. desember 2000“.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. desember 2000.

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. GLAVANY

*forseti.*

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB L 243, 11.10.1995, bls. 17. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 98/603/EB (Stjútíð. EB L 289, 28.10.1998, bls. 36).